



Reglur um fjárhagsaðstoð í Sveitarfélaginu Árborg

I. KAFLI Markmið, skilgreiningar og ábyrgð	3
1. gr. Lagagrundvöllur	3
2. gr. Framfærsluskylda	3
3. gr. Réttur til fjárhagsaðstoðar	3
4. gr. Form fjárhagsaðstoðar	4
5. gr. Samþykkt aðstoð og tímamörk	4
6. gr. Hlutverk og valdsvið Velferðarnefndar Árborgar	4
II. KAFLI Umsóknir og málsmeðferð	5
7. gr. Umsóknir og fylgigögn	5
8. gr. Málsmeðferðarreglur	6
9. gr. Rannsóknarskylda	6
10. gr. Upplýsingaskylda	6
11. gr. Leiðbeiningar til umsækjanda	7
12. gr. Rökstuðningur synjunar	7
13. gr. Rangar/villandi upplýsingar	7
14. gr. Málskot til velferðarnefndar	7
15. gr. Málskot til úrskurðarnefndar	7
16. gr. Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum	8
III. Kafli Réttur til fjárhagsaðstoðar	8
17. gr. Upphæðir fjárhagsaðstoðar	8
Nánar um rétt til fjárhagsaðstoðar:	8
18. gr. Skerðing fjárhagsaðstoðar	9
19. gr. Tekjur umsækjanda/maka	9
20. gr. Eignir umsækjanda/maka	10
21. gr. Kostnaður vegna húsnæðis	10
22. gr. Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar, hlutastörf	10
IV. Kafli heimildir vegna sérstakra aðstæðna	10
23. gr. Aðstoð við einstaklinga yngri en átján ára	10
24. gr. Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri	10

25. gr. Námsaðstoð	11
26. gr. Greiðsla sérfræðiaðstoðar	12
27. gr. Útfararstyrkir/lán.....	13
28. gr. Styrkur vegna eignamissis	13
29. gr. Ábyrgðaryfirlýsing/lán til greiðslu tryggingar vegna húsaleigusamnings	13
30. gr. Lán/styrkur vegna sérstakra erfiðleika	14
31. gr. Sérstök aðstoð vegna stuðningsvinnu og/eða annarra sérstakra aðstæðna...	14
32. gr. Desemberstyrkur	15
V. Kafli Gildistími.....	15
33. gr. Gildistími.....	15

I. KAFLI Markmið, skilgreiningar og ábyrgð

1. gr. Lagagrundvöllur

Reglur þessar eru settar með vísan til 21. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Markmið fjárhagsaðstoðar fjölskyldusviðs Árborgar er að tryggja að íbúar sveitarfélagsins geti séð fyrir sér og sínum með því að veita þeim þá fjárhagslegu aðstoð sem nauðsyn krefur.

Fjárhagsaðstoð skal veitt íbúum í tímabundnum erfiðleikum og er aðstoð til að mæta grunnþörfum.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félags- og skólastarfi, í samræmi við 1. gr. og 30. gr laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum.

Þjónustan miðar að því að styrkja íbúa til sjálfshjálpar og koma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr málum sínum sjálf.

2. gr. Framfærsluskylda

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfa sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Þeim sem sækir um aðstoð samkvæmt reglum þessum er skylt að leita sér að atvinnu og taka þeirri atvinnu sem býðst nema veikindi, örorka, háan aldur eða aðrar gildar ástæður hamli því.

Einstaklingar í skráðri sambúð í Þjóðskrá eiga sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í Þjóðskrá í a.m.k eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

3. gr. Réttur til fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð er veitt einstaklingum og fjölskyldum sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu Árborg samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglum þessum í þeim tilgangi að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi:

- a. Þegar einstaklingar hafa ónógar tekjur sér til framfærslu og geta ekki séð sér og sínum farborða, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- b. Vegna sérstakra aðstæðna sbr. IV. kafla reglna þessara eða sérstakrar ákvörðunar Velferðarnefndar Árborgar.

Telji starfsmaður fjölskyldusviðs Árborgar dvöl umsækjanda í sveitarfélaginu, sem skráður er þar með lögheimili, ekki ígildi fastrar búsetu, sbr. ákvæði laga um lögheimili og aðsetur nr. 80/2018, skal tekin ákvörðun um hvort málið verði sent Þjóðskrá til nánari athugunar.

Skal umsækjandi dvelja á Íslandi á því tímabili sem hann fær fjárhagsaðstoð frá Sveitarfélaginu Árborg.

4. gr. Form fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð er ýmist í formi styrkja eða lána, en lán eru að jafnaði án vaxta. Fjárhagsaðstoð skal veitt sem lán ef umsækjandi óskar þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt er að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna. Óheimilt er að breyta styrk í lán nema viðkomandi óski þess.

Einstaklingar sem bíða eftir afgreiðslu á umsókn, s.s. hjá Tryggingastofnun ríkisins, Vinnumálastofnun, Sjúkratryggingum Íslands, sjúkrasjóðum stéttarfélaga, lífeyrissjóðum eða öðrum stofnunum, geta sótt um fjárhagsaðstoð í formi láns. Þegar einstaklingur hefur fengið bætur sínar greiddar aftur í tímann frá viðkomandi stofnun ber honum að greiða lánið til baka með eingreiðslu, nema um annað sé samið. Standi einstaklingur ekki við samning um endurgreiðslu láns kemur ekki til frekari fjárhagsaðstoðar nema fyrir liggja nýr samningur um endurgreiðslu vangoldins láns.

Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð í formi láns er að umsækjandi skrifi undir samning um lán vegna fjárhagsaðstoðar. Ef veita á fjárhagsaðstoð sem lán og fyrir liggur að umsækjandi er þegar með eldra lán hjá fjölskyldusviði skal að jafnaði gera eldra lánið upp eða sameina það nýrri lánveitingu áður en nýtt lán er veitt.

5. gr. Samþykkt aðstoð og tímamörk

Réttur til fjárhagsaðstoðar skapast í þeim mánuði sem sótt er um aðstoð og er að jafnaði um eftir á greiðslur að ræða. Ekki er skylt að veita fjárhagsaðstoð lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn er lögð fram, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Rökstuddar ástæður verða að réttlæta slíka aðstoð og verður skilyrðum fjárhagsaðstoðar að vera fullnægt allt það tímabil sem sótt er um.

Fjárhagsaðstoð skal að öllu jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjá mánuði. Að þeim tíma liðnum skal mál einstaklings skoðað sérstaklega með tilliti til þarfa hans fyrir frekari fjárhagsaðstoð og annars konar ráðgjöf og stuðning. Í slíkum tilvikum skal gerð áætlun um frekari meðferð máls með samningi um félagslega ráðgjöf.

Fjárhagsaðstoð er alla jafna greidd eftir á, síðasta virka dag hvers mánaðar. Aðrar greiðslur sem framkvæma þarf eru alla jafna greiddar á föstudögum.

6. gr. Hlutverk og valdsvið Velferðarnefndar Árborgar

Velferðarnefnd Árborgar er fastanefnd sem fer með Velferðarþjónustu fjölskyldusviðs Árborgar í umboði bæjarstjórnar

Velferðarþjónusta fjölskyldusviðs sér um framkvæmd fjárhagsaðstoðar og er heimilt að afgreiða einstakar umsóknir samkvæmt reglum þessum á afgreiðslufundi starfsmanna.

Ákvörðun um synjun fjárhagsaðstoðar getur umsækjandi skotið til Velferðarnefndar Árborgar og ákvörðunum Velferðarnefndar til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 14. og 15. gr. reglna þessara.

II. KAFLI Umsóknir og málsmeðferð

7. gr. Umsóknir og fylgigögn

Umsókn skal skilað inn rafrænt í gegnum island.is eða inn á íbúagátt Árborgar. Ef skila þarf inn skriflegri umsókn skal hún vera á þar til gerðu eyðublaði, undirrituð af umsækjanda og maka, ef við á, og skilað inn til þjónustuvers Árborgar. Gögn þurfa að berast fyrir 20. hvers mánaðar, annars getur komið til seinkunar á greiðslu fjárhagsaðstoðar. Umsókn er synjað ef umbeðin gögn berast ekki án skýringa innan 4 vikna frá móttöku umsóknar.

Við mat á beiðnum um fjárhagsaðstoð skulu ætíð liggja fyrir eftirtalin fylgigögn með umsókn:

- a. Skattframtal, álagningarseðill, staðgreiðsluskrá umsækjanda og launa- og/eða greiðsluseðlar fyrir tvo síðustu mánuði og þegar við á greiðsluáætlun frá Tryggingastofnun ríkisins og/eða Fæðingarorlofssjóði. Skila skal sömu upplýsingum fyrir maka eða sambúðaraðila. Einnig ber að skila erlendu skattframtali hafi viðkomandi eða sambúðaraðili búið erlendis á yfirstandandi ári eða síðasta tekjuári. Erlendum ríkisborgurum ber að skila inn staðfestingu á eignastöðu sinni í ríkisfangslandi og þegar við á yfirliti yfir tekjur vegna eigna.
- b. Upplýsingar um tekjur og eignir, þ.m.t. greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélagi, Sjúkratryggingum Íslands eða öðrum aðilum, innanlands eða erlendis. Ef svo ber undir þarf umsækjandi að skila inn stöðuyfirliti um innistæður í bönkum, sparissjóðum eða öðrum fjármálastofnunum. Skila ber afriti af húsaleigusamningi ef hann er fyrir hendi.
- c. Umsækjandi sem stundar nám skal skila staðfestingu á skólavist og fjölda eininga frá viðkomandi skóla.
- d. Í þeim tilvikum sem umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa staðfestingu á nýskráningu hjá Vinnumálastofnun sem staðfestir atvinnuleysi. Jafnframt skal umsækjandi framvísa staðfestingum á umsóknum um störf.
- e. Ef umsækjandi er að sækja um sérstaka aðstoð samkvæmt IV. kafla reglna þessara getur komið til að skila þurfi inn frekari gögnum sem getið er í IV. kafla.

Ef um veikindi er að ræða skal umsækjandi framvísa læknisvottorði. Ótímabundið læknisvottorð gildir að hámarki í þrjú mánuði frá dagsetningu vottorðs.

Erlendum ríkisborgurum ríkis innan EES ber að framvísa búsetutímavottorði frá Þjóðskrá sem staðfestir fyrstu lögheimilisskráningu á Íslandi. Réttur til fjárhagsaðstoðar myndast þremur mánuðum eftir skráningu lögheimilis í landinu.

Í þeim tilvikum sem umsækjandi er erlendur ríkisborgari utan EES ber honum að framvísa skírteini um dvalarleyfi og staðfestingu á fyrstu lögheimilisskráningu á Íslandi. Ekki kemur til fjárhagsaðstoðar fyrr en að þremur mánuðum liðnum frá skráningu lögheimilis í landinu nema þegar um ræðir umsækjanda sem fellur að leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um móttökupjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks.

Umsækjandi sem hefur fengið dvalarleyfi á þeim forsendum að skyldur aðili ábyrgist framfærslu hans á að jafnaði ekki rétt til fjárhagsaðstoðar.

Beri umsókn og fylgigögn hennar ekki með sér nauðsynlegar upplýsingar um framangreind atriði skal starfsmaður tilkynna umsækjanda um hvaða gögn vanti og hvaða áhrif það getur haft. Jafnframt skal leiðbeina umsækjanda hvert hann skuli leita til að afla viðkomandi gagna eða til að fá nánari upplýsingar um réttarstöðu sína, sbr. 10. gr. þessara reglna.

Víkja má frá framangreindum kröfum um framlagningu gagna sé um rökstutt neyðartilvik að ræða. Í slíkum tilfellum getur upphæðin þó ekki numið hærri en 25 % af grunnfjárhæð einstaklings á mánuði. Hún skal veitt í formi láns eða styrks. Reynist umsækjandi eiga rétt á fjárhagsaðstoð samkvæmt 17. gr. skal tekið tillit til lánsins/styrksins við útborgun fjárhagsaðstoðar ella getur komið til endurgreiðslu til sveitarfélagsins.

Heimilt er að gera kröfu um að umsækjandi sanni á sér deili í eigin persónu og framvísi gildu persónuskilríki.

8. gr. Málsmeðferðarreglur

Málsmeðferðarreglur XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 gilda um meðferð mála og ákvarðanatöku samkvæmt reglum þessum.

9. gr. Rannsóknarskylda

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef velferðarþjónustu berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti. Starfsmenn velferðarþjónustu skulu taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Starfsmaður skal, ef þörf krefur, afla frekari upplýsinga um tekjur, eignir og réttindi umsækjanda, svo sem hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum, stéttarfélögum, Sjúkratryggingum Íslands, Atvinnuleysistryggingasjóði, Útlendingastofnun og Fæðingarorlofssjóði. Einnig skal afla upplýsinga um önnur atriði, t.d. félagslegar aðstæður, eftir því sem umsókn gefur tilefni til.

10. gr. Upplýsingaskylda

Skylt er að veita starfsmanni hverjar þær upplýsingar sem máli skipta vegna umsóknar um fjárhagsaðstoð. Neiti umsækjandi eða maki hans að veita upplýsingar um aðstæður sínar, þ.m.t. fjárhag, eignir og annað sem varðar umsókn er heimilt að synja umsókn um fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum þessum.

11. gr. Leiðbeiningar til umsækjanda

Starfsmaður skal gera umsækjanda grein fyrir forsendum og markmiðum fjárhagsaðstoðar vegna hvernar umsóknar. Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður veita umsækjanda almennar upplýsingar um rétt sem hann kann að eiga annars staðar, t.d. hjá Tryggingastofnun ríkisins, Vinnumálastofnun, stéttarfélögum, Sjúkratryggingum Íslands, lífeyrissjóðum, Fæðingarorlofssjóði, Menntasjóði námsmanna eða tryggingarfélögum. Leiðbeina skal umsækjanda um hvert hann skuli leita til að fá nánari upplýsingar um réttarstöðu sína og ákvarðanir þar um eða eftir atvikum framsenda erindið til viðkomandi stofnunar og tilkynna umsækjanda um þá ákvörðun.

Starfsmaður skal eftir atvikum hafa samvinnu við aðra opinbera aðila á sviði velferðarþjónustu um skipulag þjónustu og málefni einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð.

12. gr. Rökstuðningur synjunar

Sé umsókn um fjárhagsaðstoð synjað fær umsækjandi upplýsingar þar sem forsendur synjunar eru rökstuddar ásamt tilvitnunum í viðeigandi greinar fjárhagsaðstoðarreglna á rafrænu eða skriflegu formi. Umsækjanda skal leiðbeint um málskotsheimildir um leið og honum er tilkynnt um slíka ákvörðun.

13. gr. Rangar/villandi upplýsingar

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi umsækjanda er endurkræf. Hafir umsækjanda verið greidd hærri fjárhagsaðstoð en vera bar samkvæmt reglum þessum getur fjölskyldusvið endurkrafid viðkomandi eftir almennum reglum kröfuréttar. Liggi fyrir að ofgreiðslu megi rekja til rangra eða villandi upplýsinga umsækjanda er heimilt að draga upphæðina frá fjárhagsaðstoð sem umsækjandi kann að öðlast rétt til síðar. Þó verður að gæta þess að ekki verði gengið lengra en svo við skuldajöfnuð að umsækjandi geti áfram séð fyrir sér og sínum, sbr. 12. gr. laga nr. 40/1991.

14. gr. Málskot til velferðarnefndar

Synjun um fjárhagsaðstoð má skjóta til Velferðarnefndar Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfoss. Skal það gert skriflega og eigi síðar en fjórum vikum eftir að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

15. gr. Málskot til úrskurðarnefndar

Ákvörðun Velferðarnefndar Árborgar má skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun. Málskot frestar að jafnaði ekki framkvæmd hinnar kærðu ákvörðunar.

16. gr. Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga sem leita eftir fjárhagsaðstoð skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu, er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Trúnaður helst eftir að látið er af starfi.

III. Kafli Réttur til fjárhagsaðstoðar

17. gr. Upphæðir fjárhagsaðstoðar

Framfærslugrunnur tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds og miðast við fullan kvarða (1,0), hér eftir grunnfjárhæð.

Upplýsingar um fjárhæðir fjárhagsaðstoðar má finna á vefsíðu Sveitarfélagsins Árborgar.

Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem sannanlega reka eigið heimili er 1,0. Með rekstri eigin heimilis er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan eða rafrænt skráðan húsaleigusamning því til staðfestingar.

- 1) Framfærslugrunnur hjóna og fólks í sambúð er 1,6 x grunnfjárhæð.
- 2) Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem leigja húsnæði án skráðs/þinglýsts leigusamnings eða hafa ekki aðgang að húsnæði er 0,8.
- 3) Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem búa hjá foreldrum eða sannanlega greiða ekki húsnæðiskostnað 0,5. Hafi umsækjandi forsjá barns og hafi barn lögheimili hjá honum reiknast umsækjandi út frá framfærslugrunni 0,8.
- 4) Framfærslugrunnur einstaklinga sem eru skráðir í áfengis- eða vímuefna meðferð er 0,3. Auk þess er heimilt að greiða dvalargjald á meðferðarstofnun enda sé slíkt ekki niðurgreitt af Sjúkratryggingum Íslands. Hámarksaðstoð dvalargjalds samsvarar grunnfjárhæð. Það sama gildir hvort sem umsækjandi sækir meðferð héraðs eða erlendis. Dvalargjald er greitt beint til viðkomandi stofnunar.

Nánar um rétt til fjárhagsaðstoðar:

- Upphæð fjárhagsaðstoðar er óháð því hvort barn eða börn búi á heimili umsækjanda að undanskildum fjórða tölulið þessarar greinar.
- Einstaklingar sem afplána dóma innan fangelsis eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð.

- Þeir einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu á grundvelli læknisvottorðs um óvinnufærni skulu í samvinnu við sérfræðing velferðarþjónustu gera einstaklingsmiðaða áætlun sem miðar að því að umsækjandi nái vinnufærni að öllu leyti eða að hluta. Læknisvottorð skulu vera útgefin af heilsugæslu eða sérfræðilækni sem annast mál einstaklingsins.

Einstaklingur sem fær fjárhagsaðstoð skv. þessari grein ber að vera í virkum samskiptum við starfsmann innan fjölskyldusviðs. Ef veitt er fjárhagsaðstoð skv. þessari grein samfellt í þrjá mánuði skal viðkomandi gera einstaklingsáætlun í fjórða mánuði með starfsmanni sem hefur hjálp til sjálfshjálpar og valdeflingu að leiðarljósi. Einstaklingsáætlun skal taka mið af stöðu viðkomandi gagnvart vinnufærni eða óvinnufærni og þeim réttindum og skyldum sem viðkomandi hefur vegna áframhaldandi fjárhagsaðstoðar, að öðrum kosti getur komið til skerðingar á fjárhagsaðstoð sbr. 18. gr. reglna þessara.

18. gr. Skerðing fjárhagsaðstoðar

Hafni umsækjandi vinnu eða vinnumarkaðsúrræðum, hafi verið settur á bið hjá Vinnumálastofnun, hafi fyrirgert rétti sínum til atvinnuleysisbóta eða hafi ekki sinnt virkri atvinnuleit með sannanlegum hætti skal fjárhagsaðstoð skerðast um helming þann sama mánuð og mánuðinn þar á eftir. Sinni umsækjandi ekki samningi um félagslega ráðgjöf sem inniheldur til að mynda viðtöl hjá ráðgjafa fullorðinsteymis og/eða önnur úrræði sem standa til boða hverju sinni út frá einstaklingsmiðaðri áætlun, hafni þátttöku í virkniúrræðum/endurhæfingu hjá öðrum stofnunum sem miða m.a. að því að umsækjandi nái vinnufærni að öllu leyti eða að hluta til skal fjárhagsaðstoð skerðast um helming þann sama mánuð. Ef veigamiklar ástæður, sem koma fram í mati á aðstæðum umsækjanda, mæla gegn 50% lækkun framfærslukvarða er heimilt að greiða 85% af framfærslukvarða viðkomandi.

19. gr. Tekjur umsækjanda/maka

Allar skattskyldar tekjur einstaklings og sambúðaraðila í þeim mánuði sem sótt er um koma til frádráttar við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar skv. 17. gr. og einnig skattskyldar tekjur mánuðinn á undan ef heildar skattskyldar tekjur þann mánuð eru hærri en ein lágmarkslaun skv. kjarasamningum Bárunnar/Starfsgreinasamband Íslands (SGS) við Samtök Atvinnulífsins (SA). Þetta tekjuviðmið á ekki við þegar einstaklingur ber sannanlega ekki húsnæðiskostnað. Í þeim tilvikum koma allar skattskyldar tekjur í umsóknarmánuði og mánuðinum á undan til frádráttar framfærslukvarða umsækjanda við útreikning fjárhagsaðstoðar.

Með tekjum er átt við allar innlendar og erlendar skattskyldar tekjur einstaklings og sambúðaraðila, s.s. atvinnutekjur, aðrar skattskyldar tekjur; greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, Sjúkratryggingum Íslands eða sjúkrasjóðum stéttarfélaga, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur, verktakagreiðslur, greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og mæðra- og fedralaun. Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Greiðslur vegna barna, húsnæðisbætur, sérstakur húsnæðisstuðningur, vaxtabætur, framlag vegna menntunar fyrir 18 til 20 ára og barnalífeyrir vegna náms fyrir 18 til 20 ára frá Tryggingastofnun teljast ekki til skattskyldra tekna.

Heimilt er að veita undanþágu frá tekjum fyrri mánaða vegna:

- a) Einstaklinga sem eru að ljúka endurhæfingu og hafa fengið greiddan sjúkra- og endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun.
- b) Einstaklinga sem fá greidda síðustu greiðslu atvinnuleysisbóta frá Vinnumálastofnun.
- c) Einstaklinga sem hafa nýlokið starfi í gegnum atvinnuúrræði á vegum sveitarfélagsins Árborgar.

Um er að ræða undanþágu sem nær til greiðslna fyrsta mánuðinn eftir að greiðslum lýkur frá framangreindum aðilum.

20. gr. Eignir umsækjanda/maka

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambúðaraðili peningaeignir eða aðrar eignir umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í og nauðsynlegt ökutæki, eða hafi hann nýlega selt eignir sínar, skal umsækjanda vísað á lánafyrirgreiðslu banka og sparisjóða þó að tekjur viðkomandi séu undir viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar Sveitarfélagsins Árborgar.

21. gr. Kostnaður vegna húsnæðis

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar er gert ráð fyrir að kostnaði umsækjanda vegna húsnæðis verði mætt með greiðslum húsnæðis- eða vaxtabóta og hluta af framfærslugrunni.

22. gr. Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar, hlutastörf

Atvinnurekandi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur á kost á fjárhagsaðstoð hafi hann og/eða maki hætt rekstri og lokað vsk-númeri auk þess að hafa leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar.

Sé umsækjandi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá Vinnumálastofnun og óski eftir fullu starfi.

IV. Kafli heimildir vegna sérstakra aðstæðna

23. gr. Aðstoð við einstaklinga yngri en átján ára

Einstaklingur yngri en 18 ára á ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni. Foreldrum er skylt að framfæra barn sitt til 18 ára aldurs þess, sbr. IX. kafla barnalaga nr. 76/2003.

24. gr. Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri

Þegar foreldrar eru með fjárhagsaðstoð til framfærslu geta þeir einnig sótt um aðstoð vegna barna:

- A. Þegar barn eða börn eru skráð með lögheimili hjá foreldri felst aðstoð í greiðslu/greiðslum vegna eftirfarandi:
- Daggæslu barna í heimahúsum.
 - Leikskólagjöld.
 - Skólamáltíðir.
 - Fristundagjöld í skóla.
 - Skólagjalda og bókakostnaðar í framhaldsskóla.
 - Tómstundaiðkun barna.

Aðstoð er 20.000 kr. á mánuði fyrir hvert barn sem skráð er með lögheimili hjá umsækjanda og nýtir þjónustu skv. ofangreindum a–f liðum. Skilyrði fyrir úthlutun styrksins er að umsækjandi, ef hann er í skuld sem fellur undir a–e liði, hafi gert samkomulag um uppgjör við sveitarfélagið.

Skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt ofangreindum f. lið er að umsækjandi nýti sér fyrst rétt til frístundastyrks vegna tómstundaiðkunar.

- B. Þegar barn eða börn eru ekki með lögheimili hjá foreldri felst aðstoð í að greiða kr. 20.000,- af áfallandi meðlagi með hverju barni. Ekki er veitt aðstoð til að greiða uppsafnaðar meðlagsskuldir. Staðfestur samningur um meðlagsgreiðslur skal liggja fyrir frá sýslumanni og greiðist styrkur til Sýslumannsins á Norðurlandi vestra sem sér um innheimtu meðlags.
- C. Í sérstökum undantekningartilfellum að mati starfsmanna og um er að ræða brýna þörf á sérstökum meðferðar- og/eða stuðningsúræðum er heimilt að veita styrk fyrir útlögðum kostnaði í heild eða hluta. Í þeim tilvikum skal ætíð liggja fyrir samkomulag um félagslega ráðgjöf þar sem fram koma markmið með aðstoðinni og skal hún vera tímabundin og endurskoðuð á þriggja mánaða fresti. Þessari undanþágu er heimilt að beita í þeim tilfellum þar sem foreldrar eru í miklum fjárhagserfiðleikum en undanþágan er ekki bundin við tilvik þar sem foreldrar eru með fjárhagsaðstoð til framfærslu.

25. gr. Námsaðstoð

Einstaklingur sem stundar lánshæft nám nýtur ekki fjárhagsaðstoðar til framfærslu.

Heimilt er að veita einstaklingi framfærslustyrk til náms sem ekki hefur lokið grunnskóla eða framhaldsskóla vegna mikilla félagslegra erfiðleika.

Heimildin á við þegar einstaklingur er atvinnulaus án bótaréttar, og á ekki rétt á framfærslu frá öðrum aðilum eða hefur haft skattskyldar tekjur sem eru lægri en grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar undanfarna þrjá mánuði. Þó má gera undantekningu ef viðkomandi einstaklingur hefur verið í sumarvinnu og var sökum þess tekjuhærri á tímabili. Taka skal þá

mið af skattskyldum tekjum þremur mánuðum áður en sumarvinnan hófst. Skilyrði er að viðkomandi framvísi ráðningarsamningi þar sem ráðningartími er tilgreindur.

Aðstoð vegna náms skal miðast við grunnupphæð fjárhagsaðstoðar skv. 17. gr. Tekjur einstaklings koma til frádráttar, sbr. 19. gr., þ.m.t. menntunarframlag og/eða barnalífeyrir vegna náms milli 18 ára og tvítugs sem einstaklingi er heimilt að sækja um hjá sýslumanni uppfylli hann skilyrði til þess.

Samningur um félagslega ráðgjöf skal liggja fyrir þar sem markmið með námi koma fram, hvernig staðið skuli að skilum varðandi upplýsingar um skólasókn og einkunnir. Jafnframt skal geta eftir atvikum hvaða annan stuðning umsækjandi þarf.

Ákvarðanir samkvæmt þessu ákvæði skulu teknar fyrir hverja önn. Forsenda námsaðstoðar er að námsmaður sýni fram á eðlilega skólasókn og námsframvindu skv. reglum viðkomandi skóla. Að öðrum kosti fellur fjárhagsaðstoð niður.

Heimilt er að veita styrk vegna kostnaðar við námsgögn og skólagjöld samkvæmt greininni að hámarki kr. 60.000,- á 12 mánaða tímabili. Styrkurinn er háður því að umsækjandi hafi samþykka námsaðstoð.

26. gr. Greiðsla sérfræðiaðstoðar

A) Styrkur eða lán til greiðslu tannlækninga.

Heimilt er, undir sérstökum kringumstæðum, að veita einstaklingi sem hefur tekjur á eða undir viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar sveitarfélagsins Árborgar undanfarna 3 mánuði eða lengur lán eða styrk til nauðsynlegra tannlækninga.

Hámark aðstoðar skal vera helmingur grunnfjárhæðar á 12 mánaða tímabili. Með umsókn skal fylgja kostnaðaráætlun tannlæknis. Styrkur greiðist samkvæmt kvittun eða reikningi.

B) Styrkur eða lán til greiðslu viðtala hjá sérfræðingum.

Heimilt er að veita einstaklingi sem hefur verið með skattskyldar tekjur á eða undir viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar Sveitarfélagsins Árborgar og á við verulega erfiðleika að etja lán eða styrk til niðurgreiðslu viðtala hjá sálfræðingum, geðlæknum og félagsráðgjöfum með framhaldsmenntun í meðferðarvinnu. Heimildin skal bundin samningi um félagslega ráðgjöf eða stuðningsvinnu og þá aðeins ef:

- a. Einstaklingur hefur mátt búa við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika.
- b. Einstaklingur eða fjölskylda hefur orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi.
- c. Til lögheimilisforeldra vegna barna sem þurfa á sérhæfðri meðferð að halda og ekki er unnt að veita slíka þjónustu hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Hámark aðstoðar er kr. 130.000 á ári og þá að hámarki fimm viðtöl á ári. Umsögn fagaðila um frekari aðstoð skal liggja fyrir ef sótt er um styrk umfram 5 tíma og skal sú aðstoð einungis veitt í sérstökum tilfellum.

Styrkur samkvæmt þessari grein greiðist gegn framvísun reiknings frá viðkomandi sérfræðingi, þar sem skýrt komi fram dagsetning (eða tímabil) þjónustu og heildarfjárhæð. Ekki er greitt fyrir þjónustu sem veitt er utan gildistíma samþykkrar fjárhagsaðstoðar, þ.e. hvorki fyrir þjónustu veitta áður en aðstoð var samþykkt né eftir að hún hefur fallið niður.

27. gr. Útfararstyrkir/lán

Heimilt er að veita lán eða styrk vegna útfarar þegar sannreynt hefur verið að dánarbú getur ekki kostað útför hins látna.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk:

- a. Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna og útprentun úr staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra.
- b. Staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks. Styrkur frá stéttarfélagi kemur til frádráttar frá aðstoð skv. greininni.
- c. Tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr. og sbr. 28. gr. sömu laga.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfarar þegar eignir dánarbús hrökkva ekki til og eignir eftirlifandi maka eru ekki umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í og eina fjölskyldubifreið, sbr. 20. gr.

Hámark aðstoðar er sama upphæð og grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar og greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og/eða annarra gagna um kostnað vegna útfarar.

Heimilt er að veita tekjulágu foreldri eða foreldrum fjárhagsaðstoð vegna útfarakostnaðar barns.

28. gr. Styrkur vegna eignamissis

Einstaklingur, hjón eða sambúðaraðilar með samanlagðar skattskyldar tekjur sem samsvara kjarasamningsbundnum lágmarkslaunum Bárunnar/Starfsgreinasamband Íslands (SGS) við Samtök Atvinnulífsins (SA) eða lægri og verður/verða fyrir skyndilegum eignamissi vegna bruna, veikinda eða annars konar eignartjóns á kost á láni/styrk allt að 100.000 kr. Sama gildir ef rýma þarf húsnæði umsækjanda af heilbrigðisástæðum. Hafi umsækjandi tryggingu sem líklegt er að bæti tjónið skal aðstoð veitt með láni sem endurgreiðist þegar tryggingafélag hefur innt bótagreiðslu af hendi. Hægt er að sækja um styrk einu sinni á hverjum 12 mánuðum.

29. gr. Ábyrgðaryfirlýsing/lán til greiðslu tryggingar vegna húsaleigusamnings

Heimilt er að veita einstaklingi, hjónum og sambúðaraðilum sem eru með samanlagðar skattskyldar tekjur sem samsvara kjarasamningsbundnum lágmarkslaunum Bárunnar/Starfsgreinasamband Íslands (SGS) við Samtök Atvinnulífsins (SA) eða lægri ábyrgðaryfirlýsingu/lán vegna tryggingar húsaleigusamnings. Einnig er unnt að veita ábyrgðaryfirlýsingu/lán óháð tekjum umsækjanda þegar hann hefur glímt við margháttaðan húsnæðisvanda og mikla félagslega erfiðleika. Miðað skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum markaði og lán/ábyrgð sé að hámarki samsvarandi þriggja mánaða leigugreiðslu.

Skila ber staðfestingu frá viðskiptabanka um möguleika á fyrirgreiðslu. Þá skulu liggja fyrir upplýsingar um láns hæfismat og skuldastöðuyfirlit frá Creditinfo. Skila þarf drögum að húsaleigusamningi fyrir afgreiðslu umsóknar og afriti þinglýsts húsaleigusamnings áður en samþykktar umsóknir eru afgreiddar.

Ef veitt er lán skal það lagt inn á reikning leigusala þegar umsækjandi hefur undirritað lánsumboð. Gengið er frá samþykktari ábyrgðaryfirlýsingu þegar umsækjandi hefur veitt skriflegt samþykki samkvæmt ábyrgðarskilmálum. Aðstoð samkvæmt greininni skal einungis veitt einu sinni á 12 mánaða tímabili. Ekki er aftur veitt lán/ábyrgðaryfirlýsing skv. greininni til sama einstaklings fyrr en fyrra lán er greitt að fullu.

Ábyrgðaryfirlýsingar gilda að hámarki í 12 mánuði.

Í þeim tilvikum þar sem það á við má skilyrða umsækjanda að þiggja fjármálaráðgjöf og gerður er samningur um félagslega ráðgjöf samhliða því.

Greiði sveitarfélagið út tryggingu til leigusala vegna vanefnda leigjanda samkvæmt húsaleigusamningi, stofnast endurkröfuréttur sveitarfélagsins á hendur leigjanda um þá fjárhæð sem greidd hefur verið, ásamt tilheyrandi kostnaði.

30. gr. Lán/styrkur vegna sérstakra erfiðleika

Heimilt er að veita lán eða styrk, allt að kr. 140.000-, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a. Að tekjur einstaklings séu á eða undir viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar Sveitarfélagsins Árborgar.
- b. Að fyrir liggi yfirlit starfsmanns fjölskyldusviðs eða Umboðsmanns skuldara um fjárhagsstöðu umsækjanda.
- c. Að umsækjandi hafi ekki fullnýtt fyrirgreiðslu skv. þessari grein undanfarna 12 mánuði.
- d. Að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánafyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana, þar sem það á við.
- e. Að fyrir liggi samningur um félagslega ráðgjöf eða fjármálaráðgjöf, þar sem það á við.

Ekki er heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skulda við banka, sparisjóði eða aðrar lánastofnanir, s.s. greiðslukortafyrirtæki. Þá er hvorki heimilt að veita styrk né lán til greiðslu skattskulda eða sekta, né heldur til greiðslu skulda við einkaaðila.

31. gr. Sérstök aðstoð vegna stuðningsvinnu og/eða annarra sérstakra aðstæðna

Heimilt er að veita einstaklingum sem eru á fjárhagsaðstoð sérstaka aðstoð í málum þar sem verið er að veita markvissan stuðning. Aðstoðin miðar að því að viðhalda árangri sem náðst hefur með úrræðum og/eða stuðningsvinnu. Skilyrði er að umsækjandi eigi í miklum félagslegum erfiðleikum og að einstaklingsáætlun hafi verið gerð. Heimilt er að veita styrk til foreldra vegna sérstakra þarfa barna enda sé það hluti af umfangsmikilli stuðningsáætlun og til þess fallið að tryggja að árangur vinnu í máli viðkomandi glattist ekki. Skilyrði er að umsækjandi eigi í miklum félagslegum erfiðleikum. Heimilt er að veita sérstaka aðstoð til einstaklinga sem sýna fram á að þeir njóti augljóslega ekki fjárhagslegs ávinnings af því að búa með öðrum. Hámark styrkveitingar samkvæmt greininni getur numið allt að kl. 130.000,- á mánuði, í allt að 6 mánuði.

32. gr. Desemberstyrkur

Desemberstyrkur nemur 20% af framfærslugrunni umsækjanda og er einungis veittur þeim sem hafa fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu undangengna þrjá mánuði í desember ár hvert. Sérstakur styrkur að upphæð kr. 5.000,- er veittur fyrir hvert barn sem hefur lögheimili hjá umsækjanda og er í forsjá hans.

V. Kafli Gildistími

33. gr. Gildistími

Grunnupphæð fjárhagsaðstoðar tekur mið af neysluvísitölu og skal breytt 1. janúar ár hvert í samræmi við hana.

Heildarendurskoðun, samþykkt af félagsmálanefnd þann 30. mars 2021, bæjarráði Árborgar 8. apríl og bæjarstjórn 28. apríl 2021. Reglurnar taka gildi frá og með 1. maí 2021. Endurskoðun á 30. grein samþykkt 23. nóvember 2022.

Heildarendurskoðun, samþykkt af Velferðarnefnd Árborgar þann 2. desember 2025 og bæjarstjórn 17. desember 2025. Reglurnar taka gildi frá og með 1. janúar 2026.

Endurskoðun samþykkt af Velferðarnefnd Árborgar þann 17. mars 2026 og bæjarstjórn 22. apríl 2026. Breytingarnar taka strax gildi.